

**Ná.**

**410. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysa-tryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um þau ákvæði frumvarps þessa, að allir bifreiðastjórar skuli tryggingarskyldir og að nauðsyn beri til að hækka allverulega

skaðabæturnar samkvæmt slysáttryggingarlögunum, en vill þó ekki ganga eins langt í því efni eins og frumvarpið, heldur aðeins hækka bæturnar um 50% að þessu sinni. Viðurkennir nefndin þó, að bæturnar verði, þrátt fyrir þessa hækkun, alt of lágar í samanburði við fjárhagslegt tjón af slysunum, en telur ekki rjett að gera stærri stökk í einu í þessu efni. Hinsvegar hefir nefndin, að undanteknum Hj. V., ekki viljað stytta þann tíma, er landmenn, sem verða fyrir slysum, þola bóttalausn, úr 4 vikum í 1 viku, þar sem nefndin telur örðugleika á því að hafa fult eftirlit af hálfu slysáttryggingarinnar með veikindum, er standa skemmri tíma.

Nefndin telur eftir atvikum ekki rjett að sviða lögreglustjóra og hreppstjóra innheimtulaunum af iðgjöldum slysáttryggingarinnar, þar sem nokkur ábyrgð og eftirlit er samfara slíkri innheimtu.

Síðustu árin er víða um land farið að taka upp opna vjelbáta til fiskiveiða í stað róðrabáta. Aðstaða róðrabáta og opinna vjelbáta er svo svipuð, að æskilegt virðist, að þeir fái sama styrk úr ríkissjóði til slysáttrygginga,  $\frac{2}{10}$  hluta iðgjaldsins. Vill nefndin lögfesta þau ákvæði fyrir alla báta undir 5 tonnum, en vjelbátar undir 5 tonnum fá nú aðeins  $\frac{2}{10}$  hluta iðgjaldsins úr ríkissjóði.

Loks telur nefndin rjett, að lögreglustjóra skuli skylt, ef hann álitur að slysið veiti rjett til bóta, að halda próf í málinu, og er sú breytingartillaga gerð eftir ósk slysavarnarfjelagsins.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldum

#### BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Í staðinn fyrir orðin »4000 kr.« í staflíð b. í 4. gr. komi: 6000 kr.
2. Við 3. gr.
  - a. Í staðinn fyrir »5000 kr.« komi: 3000 kr.
  - b. Í staðinn fyrir »500 kr.« komi: 300 kr., og í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 600 kr.
3. 4. gr. falli niður.
4. Ný grein, er verður 4. grein:  
4. málsgrein 7. greinar laganna orðist svo:  
Útgerðarmenn róðrabáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins  $\frac{1}{10}$  af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.
5. Ný grein, er verður 5. gr.:  
Síðasti málsliður 12. gr. laganna orðist svo:  
Skal lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysáttryggingin óskar þess, halda próf í málinu.
6. Ný grein, er verður 6. gr.  
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

Alþingi, 6. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson,  
formaður.

Hjediinn Valdimarsson,  
frsm. og fundaskrifari.

Hákon J. Kristófersson. Bernh. Stefánsson. Magnús Guðmundsson.